

III.

“Segðu þér það sjálfur”.

Hvort manstu það, systir! er saman við undum
Við sögur og æfintýr barnanna stundum,
Hve þráin var djúp og vör heillaósk heit,
Er álaga-kongsbörnin forsending fóru
Í fjárstulda-leit.

Svo örðuga mannraun þeim vonleysið valdi,
Þau vissu ei hvar tröllahönd gripina faldi.
Og bæðust þau leiðsögn viðkvæðið var :
“Þá gátuna áttu að gera þér sjálfum
Og gizka á svar.”

“Þú annars skalt sífellt í ánauðum vera,
Og álaga-haminn sem kvikindi bera”—
Og svobúin lögðu þau börnin á braut,,
Því þau kusu heldur en minkunn og missir
Sér manndóm og þraut.

En ætíð var hollvættur, góður en grettur,
Á götuna fráviltu barnanna settur,
Að vísa þeim leið. Og hún sóttist þeim senn—
Og öll munu kongsbörn í kjörgripa-leitum
Eins komast það enn.

20-10.-'19.

Stephan G. Stephansson.

